

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 24. apríl 2023
UST202303-317/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Umsögn um tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands - Mýrdalshreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að vegum í náttúru Íslands í sveitarfélaginu í samræmi við 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umsögn

Umhverfisstofnun fagna því mjög að það sé verið að vinna að þessu verkefni. Nokkuð skipulagsleysi ríkir í kringum vissar leiðir í sveitarfélaginu, þá sérlega þar sem verið er að aka um lítt farnar slóðir og því fylgir að töluvert er um utanvegaaktstur.

Vegir sem eru í notkun og vantar inn.

Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf nánar þá vegi sem þar sem ekið er með ferðamenn í dag og nauðsynlegt er að skrá þá sem vegi til að akstur á þeim teljist löglegur, en ekki sem akstur utan vega. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á eftirfarandi vegum sem þarf að skoða nánar, stundum í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila:

Frá hringvegi til suðurs að flugvélaflakinu á Sólheimasandi eru skipulagðar rútuferðir oft á dag. Vegurinn er innan eignarlands. Þarna þyrfti mögulega að merkja sem þjónustuveg með skilgreindi notkun í samráði við landeigendur og hagaðila.


Vegir í grennd við Sólheimatungu sem nýttir eru af ferðaþjónustu, m.a. fjórhjólaakstur með ferðamenn. Þessir slóðar þurfa að vera skráðir vegir ef áfram á að aka með ferðamenn þar. T.d. er hægt að takmarka notkun á þessum slóðum við akstur torfærutækja.

Vegur sem liggur inn að mynni Remundargils, frá veginum sem liggur inn að Þakgili. Þetta er mikið farinn vegur að mati Umhverfisstofnunar, bæði af ferðaþjónustu sem og ferðafólki á eigin vegum, innlendu sem erlendu.

Í kringum Hafursey eru nokkrar leiðir. Fyrst er það *vetrarleið* sem liggur til norðurs samsíða gamla þjóðveginum á Mýrdalssandi. Þessi leið er ómerkt en hefur verið farin um áraraddir þegar gamli þjóðvegurinn verður ófær í vetraraðstæðum. Umhverfisstofnun bendir einnig á að engin slóði er þarna merktur inn að sæluhúsi suður undir Hafursey, né hringleið í kringum Hafursey. Rík hefð er fyrir því hjá heimamönnum og öðru ferðafólki að aka hringinn í kringum fjallið.

Mynd 1 sýnir loftmynd af svæðinu sunnan Hafurseyjar. Grænar línur er vegir í drögum að skránni sem fylgdu umsagnarbeiðninni, en til viðbótar eru teiknaðar appelsínugular línur ofan í þær leiðir sem er

notaður til að aka sunnan við Hafursey. Í drögunum er sýndur nýr vegur sem tengist inn á gamla þjóðveginn. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þarna er enginn vegur eða ummerki um umferð í landinu í dag. Umferðin er alfarið um ruddan slóða (merkt á mynd 1 sem *meginleið*) og hluta árs er ekin vetrarleið, þegar gamli þjóðvegurinn er ófær.



Mynd 1 – Loftmynd af svæðinu sunnan Hafurseyjar. Grænar línur eru vegir sem eru í drögum að vegaskránni. Appelsínugular línur eru þær leiðir sem hefð er fyrir að aka um svæðið (appelsínugular).

Ósamræmi í gögnum

Að lokum bendir Umhverfisstofnun á að ósamræmi er í kortagögnum sem fylgdu umsagnarbeiðninni, samanborið við yfirlitskort af sveitarfélaginu. T.d. er vegslóðinn sem liggur áleiðis að Kötlujökli vestan við Hafursey augljóslega ekki sá sami og fylgdi í kortagögnum. Þetta þarf að laga. Sömuleiðis þarf að laga hnitsetningu veganna þannig að línurnar liggja raunverulega í veglínunum sem þeim er ætlað að marka. Mögulega er þetta gert fyrir framsetningu á yfirlitskortu, en þetta þarf að vera skýrt í gögnum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri